

ÁKÆRA

LÖGREGLUSTJÓRINN Á SELFOSSI

gjörir kunnugt:

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur

Ólafi J. Bjarnasyni, kt. 090447-6379
Reykjavegi 82, Mosfellsbæ
&
Ásu Einarsdóttur, kt. 110650-5589
Reykjavegi 82, Mosfellsbæ

fyrir brot á lögum um lax- og silungsveiði
með því að hafa síðdegis sunnudaginn 4. júlí 2010 stundað stangveiði í Tungufljóti í Árnassýslu fyrir landi Bergstaða í Bláskógabyggð, án þess að hafa til þess leyfi, þar sem Tungufljótsdeild Veiðifélags Árneseinga ákvað á aðalfundi sínum þann 12. apríl 2010 að leigja veiðirétt í Tungufljóti til 5 ára og voru því lax- og silungsveiðar á umræddum tíma og stað óheimilar öðrum en leigutaka og þeim er hann hafði ráðstafað veiði til.

Telst brot ákærðu varða við a. lið 1. mgr. 50. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61, 2006.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærvaldið hafði ekki samninginn undir höndum þegar ákæran er gefin út, eins og fram kemur í rafpósti frá þeim þann 6. janúar 2011.

Hvernig gat þá ákærvaldið vitað að samningurinn var til 5 ára ?

Hvernig gat ákærvaldið vitað að ekki væri í samningnum heimild til handa landeigendum til að veiða þennan dag ?

Það kemur ekkert fram um þetta í fundargerðinni frá aðalfundinum þann 12. apríl 2010, sem virðist þó eina heimildin um þennan samning.